

Föstudaginn 10. janúar 1992.

Nr. 6/1992. **María Guðmundsdóttir**

gegn

Gullveigu Sæmundsdóttur.

Kærumál. Málskostnaður. Lögbannskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. desember sl. Kærður er úrskurður fógetaréttar Garðakaupstaðar frá 6. desember sl. Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Heimilt er að skjóta hinum kærða fógetaréttarúrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaður í fógetaréttarmálinu til gerðarþola, Gullveigar Sæmundsdóttur, verði verulega lækkaður. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

I.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti svohljóðandi forsendur og rökstuddar ástæður fyrir hinum kærða úrskurði. Þar segir meðal annars:

„Af hálfu gerðarþola er gerð krafa um málskostnað með vísan til þess, hvernig sú krafa er rökstudd í greinargerð gerðarþola. Annars vegar kveður gerðarþoli tjón sitt fólgið í launamissi og beinum útlögðum kostnaði, samtals að fjárhæð kr. 1.470.640,-, og er liður 1 lágmarkstjón í kaflanum Krafa um tryggingu, hins vegar í töpuðum höfundarlaunum miðað við sölu á 7.000 eintökum af bókinni, samtals að fjárhæð kr. 2.461.050,-, sem er liður 2 í sama kafla.

Engin athugasemd var gerð af hálfu gerðarbeiðanda við framangreinda kröfu gerðarþola.

Af hálfu réttarins er þá að ákvarða, hvort líta beri á hagsmuni aðili á þann veg, að örðugt sé að meta þá til fjár, eða hvort taka eigi mið af hagsmunum gerðarþola, eins og þeir eru settir fram undir liðunum Krafa um tryggingu í greinargerð hans.

Þar sem ekki var hreyft athugasemdum við kröfu gerðarþola um, að málskostnaður skuli ákvarðaður með hliðsjón af kröfu í greinargerð, þykir ekki verða hjá því komist að miða málskostnaðarfjárhæð við hagsmuni þá, sem um er teflt, að því marki, sem sanngjarnt má teljast.

Ekkert er hægt að fullyrða um það, í hve mörgum eintökum Ævisaga Maríu Guðmundsdóttur hefði selst. Ekki er því unnt að miða hagsmuni gerðarþola við fjárhæð þá, sem nefnd er undir lið 2 í kaflanum Krafa um tryggingu. Hins vegar má hafa hliðsjón af lið 1, Lágmarkstjón, í sama kafla.

Með vísan til ofangreinds, verki því, sem í té er látið, og hagsmunum þeim, sem um er fjallað, þykir málskostnaður, er gerðarbeiðanda ber að greiða gerðarþola, hæfilega ákvarðaður kr. 150.000,-, þar með talinn virðisaukaskattur.“

II.

Sóknaraðili telur úrskurðaðan málskostnað of háan miðað við málsatvik, þar sem fallið hafi verið frá lögbannsbeiðni, áður en málið yrði flutt munnlega. Lögmanni gagnaðila hafi borist tilkynning um það svo tímanlega, að hann hafi ekki hafið undirbúning að munnlegum flutningi málsins. Því er mótmælt, að varnaraðili eigi fjárkröfu á sóknaraðila, og tekið fram, að slík krafa hafi að vísu verið nefnd, en aðeins til skýringar á kröfu um tryggingu. Hafi aldrei verið tilefni til efnislegra mótmæla af hálfu sóknaraðila.

Í greinargerð til Hæstaréttar lýsir varnaraðili kostnaði vegna lögbannsmálsins. Varnaraðili segir reikning vegna vinnu lögmanns (23 klst.) og fulltrúa hans (11 klst.) ásamt skrifstofukostnaði verða 238.542 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Varnaraðili kveður lögmönnum rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir vinnu sína og vísar í því sambandi til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Varnaraðili telur málskostnaðarákvörðun héraðsdóms of lága, og muni hún bíða verulegt tjón af því að hafa varið hendur sínar í málinu.

Eins og á stendur, þykir ekki unnt að byggja ákvörðun um málskostnað á þeim fjárhæðum, sem ætla má, að aðilar deili um.

Ekki er ástæða til að vefengja upplýsingar varnaraðila um þann tíma, sem lögmaður hennar hefur varið til málsins. Með hliðsjón af því þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.